68 29. maí. og þjer einnig hafið lagt það til, að skiptingin fái framgang, skal samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir sem hjer segir:

1, Kleifahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefnist Hörgslandshreppur og Kirkjubæjarhreppur, þannig að Fljótshverfi og Austur-Síða, þ. e. Síðan austan Geirlandsár, verði í Hörgslandshreppi og Útsíða, þ. e. síðan vestan Hörgslandsár með Landbroti verði í Kirkjubæjarhreppi.

2, Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Kleifahrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna nýju hreppa, að tiltölu við sveitarútsvörin fardagaárin 1882—1887, eins og þau hafa verið samanlögð í hvorum hluta hins sameinaða hrepps, sem nú á að verða hreppur útaf fyrir sig, og eptir sama hlutfalli skal skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar á eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni, skal skorið úr honum af sýslunefndinni, sem einnig ákveður um fjallskil hreppanna og afrjettir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er ekki gjörð nein breyting á Kleifaþinghá, hvorki sem manntalsþinghá nje sem dómþinghá.

69 30. maí. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um eignarrjett á sömdu máli.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 2. nóvember 1889, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um eignarrjett á sömdu máli, sem af þingmanna hálfu var borið upp og samþykkt af alþingi 1889, og hafið þjer tekið fram, að lagafyrirmæli þau um bann gegn eptirprentun, sem ætla megi núgildandi lög fyrir Ísland, nefnilega tilsk. 7. jan. 1741 og tilsk. 7. maí 1828, geti ekki talizt fullnægjandi, og að lagafrumvarp það, er alþingi hefur samþykkt, sje í öllum höfuðatriðum samkvæmt núgildandi dönskum lögum um rjettarverndun eignarrjettar að sömdu máli; með þessum ummælum hafið þjer lagt það til, að frumvarpið öðlist staðfestingu konungs.

Að vísu er það augljóst, að lög þau, sem gilda í Danmörku, hafa í öllum verulegum atriðum verið lögð til grundvallar fyrir þessu frumvarpi, en þó hafa á eigi allfáum stöðum verið gjörðar breytingar, viðaukar og úrfellingar, sem nokkuð kveður að. Sumt af þessu er ekki að neinu varhugavert, en sumar tilbreytingar verða að álítast lítt heppilegar. Sem dæmi upp á slíkar tilbreytingar, er valdið hafa því, að sjerstaklega óhaganleg ákvæði hafa komizt inn í frumvarpið, skal talið það, er hjer segir:

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins á rjettarverndun sú gegn eptirprentun, sem upp á er stungið, einungis að ná til rita, sem gefin eru út á Íslandi. Með því að íslenzkir rithöfundar opt láta rit sín koma út annarstaðar, er þessi ákvörðun lítt heppileg, og að dæma eptir umræðunum á alþingi er þetta einnig sprottið af vangá af þingsins hálfu, með því að tilgangurinn hefur ekki verið, að setja slík fyrirmæli. Þar sem svo er ákveðið

í 14. grein í lögum fyrir Danmörku frá 29. desember 1857 um eptirprentun, að upp- 69
prentun á annara ritum skuli eins eptirprentun teljast, þó að einstöku styttingar, við- 30. maí.
bætur eða orðabreytingar hafi verið gjörðar þegar ritið var gefið út aptur, þá nefnir tilsvarandi ákvörðun í 11. gr. hins fyrirliggjandi lagafrumvarps einungis »óverulegar eða þýðingarlausar breytingar«. Jafnvel eins og reglan stendur í hinum dönsku lögum verður því ekki neitað, að hún veitir of mikið svigrúm til þess að nota annara manna verk á miður samvizkusamlegan hátt, og því fremur verður þó að álíta, að regla sú, sem í frumvarpinu er farið fram á, veiti höfundinum allsendis ónægilega rjettarverndun.

Þarnæst er það lítt heppileg ákvörðun í 14. grein, að af ritum, sem koma út í fleiri bindum en einu, skuli það, sem á einu ári kemur út af því, skoðast sem eitt rit, að því er kemur til ákvæða lagafrumvarpsins; tilsvarandi ákvörðun í dönsku lögunum, (Lög 29. desbr. 1857, 8. gr.) getur vafalaust ekki talizt um of hliðholl rithöfundunum, þó að þar sje miðaður einkarjettur þeirra að slíkum verkum við útkomu síðasta bindisins af ritsmíðinu.

1. málsgrein í 17. gr. frumvarpsins heimilar þeim, sem halda ræður á alþingi, í amtsráðum, sýslunefndum, hreppsnefndum, kjörþingum og hverskyns samkomum um almenn mál að fyrirmuna öðrum að prenta upp ræðuna, ef hann verður fyrri til að gefa hana sjálfur út. Af þessari ákvörðun getur auðveldlega leitt ýmsa erfiðleika og óhagræði, þegar svo stendur á, að það er almenningi í hag að allir hafi frelsi til að skýra frá umræðum á slíkum fundum, eða að gefa út fundartíðindi orðrjett. Á hinn bóginn er reglan í síðari lið greinarinnar of víðtæk, og sjálfræði of lítil takmörk sett, þar sem öllum, undantekningarlaust, er gefin heimild til þess meðal annars að láta prenta »hverskonar skjöl, er í embættisnafni eður almennri þjónustu hafa skráð verið«.

Ennfremur kemur það í bága við almennar grundvallarreglur laga, þar sem 19. gr. í frumvarpinu veitir þeim, er tjón hefur beðið við brot á fyrirmælum laganna — auk fullra skaðabóta eptir óvilhallra manna mati — þar að auki rjett til þess, að hagnýta sjer eintök þau, sem upptæk kynnu að verða af hinu ólöglega útgefna riti.

Af annari hálfu er þannig ýmislegt af ákvæðum frumvarpsins miður heppilega orðað, svo að búast mætti við, að af því mundi rísa ágreiningur um rjettan skilning laganna. En á hinn bóginn vantar í frumvarpið ýmislegt, sem hefði átt að vera tekið fram þar; þannig vantar ákvarðanir um verndun tónsmíða, landauppdrátta, mynda o. fl., sem samkvæmt 9. og 10. gr. í lögum 29. desbr. 1857 er sett jafnhliða prentuðu máli og verndað á sama hátt; ennfremur vantar ákvæði um það, hvernig höfða skuli mál útaf broti gegn rjettindum þeim, er lagafrumvarpið ræðir um.

Samkvæmt þessu eru svo verulegir gallar á hinu fyrirliggjandi lagafrumvarpi, að ráðgjafinn undir öllum kringumstæðum mundi hafa verið í vafa um, hvort hann gætl ráðið til þess að það væri gjört að lögum eins og það liggur fyrir.

En við það, sem talið hefur verið, bætist ennfremur, að fyrirsjáanlegt er, að ný og hentugri lagafyrirmæli muni bráðlega verða sett í stað hinna núgildandi laga í Danmörku um þetta atriði, og hefur stjórnarfrumvarp í þá átt þegar verið lagt fyrir síðasta ríkisþing, en varð ekki útrætt þar vegna naumleika tímans. Sú skoðun, að lítt tilhlýðilegt væri, ef hjer um bil samtímis væru gjörðar úr garði og gefnar út mjög mismunandi lagareglur um sama rjettaratriði fyrir konungsríkið af annari hálfu og fyrir löggjafarsvið hins íslenzka löggjafarvalds á hinn bóginn, án þess að nokkuð það sje í hlutarins eðli og sjerstakri tilhättan, er gefi tilefni til slíks mismunar, hefur sumpart

69 30. maí. bæzt við og styrkt ástæður þær, sem þegar voru fyrir hendi til þess að leggja ekki til, að frumvarpið öðlist staðfestingu konungs, sumpart, með tilliti til spurningarinnar um að leggja frumvarpið aptur fyrir þingið í breyttu formi, ráðið því, að ráðgjafinn verður að álíta rjettast, að fresta því að leggja slíkt frumvarp fyrir þingið, þangað til hið danska löggjafarvald hefur lokið meðferð sinni á löggjöfinni um sama efni. Það hefur því síður þótt varhugavert að bíða eptir þessum málalokum, sem því aldrei hefur verið haldið fram af neinum, að nein sjerstakleg nauðsyn sje á Íslandi til þess að koma hinum umræddu lögum í kring nú í bráðina, heldur verður að álíta, að ef lög þau, sem hjer er um að ræða, geta orðið meira samkvæm rjettarframförum annarstaðar við það að bíða 2 ár enn, þá sje það tilvinnandi, og geti ekki komið að neinu tilfinnanlegu ógagni.

Ráðgjafinn hefur þess vegna í bráðina látið sjer nægja allraþegnsamlegast að leggja það til, að hið optnefnda lagafrumvarp, er alþingi hefur samþykkt, hljóti ekki allrahæstu staðfesting konungs, og hefur hans hátign konunginum hinn 15. þ. m. allra mildilegast þóknazt, að fallast á þá tillögu.

Þetta undanfelli jeg ekki hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

70 30. maí. **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum.**

Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. sept. 1889, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent mjer frumvarp til laga um breytingu á lögum 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á síðasta alþingi, og er það efni lagafrumvarps þessa að nema úr lögum undanþágu þá frá ákvæðum laganna um útflutningaskip, sem samkvæmt nefndum lögum 14. jan. 1876 gildir um hin konunglegu póstgufuskip.

Að því er snertir efni lagafrumvarps þessa hafið þjer tekið fram, að þó að ofannefnd undanþága hafi upprunalega verið gjörð fyrir þau gufuskip, sem ríkið sjálft átti, og notaði til þess að halda uppi póstferðum milli Danmerkur og Íslands, þá hafi þó hingað til verið álitið, að undanþágan taki einnig til þeirra gufuskipa, sem síðan hafa fengin verið til póstferðanna, þótt einstakra manna eign sjeu. En með því að þjer teljið enga tryggingu vera fyrir því, að skip, sem einstakir menn eða fjelög eiga, og fengin eru til póstferða, en auk þess fást við útfaraflutninga, veiti útförum betri aðbúnað og rúm heldur en önnur gufuskip, þá sjáið þjer ekki ástæðu til að láta aðrar reglur gilda um hin núverandi íslenzku póstgufuskip, er þau fást við útflutning vesturfara, heldur en önnur útflutningaskip, og það því fremur, sem umkvörtun hefir verið um það, að annað af hinum núverandi póstgufuskipum sje mjög óhentugt til slíkra flutninga. Þjer hafið þess vegna lagt það til, að lagafrumvarp það, sem að ofan er nefnt hljóti allrahæstu staðfesting konungs.

Þótt nú svo sje, að ekkert geti í hlutarins eðli verið því til fyrirstöðu, að póstgufuskipunum sje gjört jafnhátt undir höfði eins og öðrum skipum, er við útflutninga fást, þá verður ráðgjafinn samt að vera í mjög miklum vafa um það, hve hentug slík ákvörðun mundi vera. Reglur þær, sem lögin frá 14, jan. 1876 setja um útflutningaskip hníga eigi eingöngu að því, að fyrirskipa, hvernig skipin skuli úr garði gjörð, hve mikið rúm skuli ætlað farþegja hverjum og því um líkt, heldur hafa þær auk þess